

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga
og sveitarstjórnarlögum (endurmat á fjárhagslegum áhrifum).

(Eftir 2. umræðu, 20. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: endurmats á fjárhagslegum áhrifum lagasetningar, stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna bætist: eða vegna endurmats á fjárhagslegum áhrifum lagasetningar, stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana á sveitarfélög skv. j-lið 1. mgr. 4. gr.

II. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011.

3. gr.

Við 129. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðkomandi ráðherra, sveitarfélög eða Samband íslenskra sveitarfélaga geta að liðnum fimm árum og í síðasta lagi tíu árum frá lagasetningu, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða samþykkt annarra stefnumarkandi ákvarðana, sem fela í sér veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga, farið þess á leit við ríkisendurskoðanda að endurmat fari fram á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein. Leiði skoðun ríkisendurskoðanda í ljós að kostnaður sem hlýst af lagasetningu, stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum stefnumarkandi ákvörðunum sé í verulegu ósamræmi við upprunalegt mat á fjárhagslegum áhrifum skal viðkomandi ráðherra eiga frumkvæði að viðeigandi ráðstöfunum sem geta m.a. falið í sér tillögur um breytingu á fjármögnun eða þjónustukröfum. Um ákvörðun ríkisendurskoðanda, hvort taka skuli beiðni til greina, fer samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.